



Bókanir nefnda vegna atvinnustefnu

Hafnarnefnd

Atvinnustefna Langanesbyggðar 09.09.2025

04.1 Atvinnustefna Langanesbyggðar – drög að kostnaði.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin fagnar útkomu skýrslu um „Atvinnustefnu Langanesbyggðar 2025-2030“. Hafnarnefnd tekur undir með skýrsluhöfundum varðandi framtíðaráætlun Langaneshafna í kaflanum „vel tengd“ í skýrslunni.

Samþykkt samhljóða.

Skipulags- og umhverfisnefnd

Atvinnustefna Langanesbyggðar 09.09.2025

02.1 Atvinnustefna – drög að kostnaði.

Sveitarstjórn hefur farið fram á að atvinnustefna Langanesbyggðar 2025-2030 ásamt aðgerðaráætlun 2025-2028 verði lögð fram til umræðu í nefndum sveitarfélagsins.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin bendir á að í menningarmálum væri einnig æskilegt að leggja áherslu á kórastarf t.d. með styrk við organista eða söngstarf í skóla.

Samþykkt samhljóða.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd

Atvinnustefna Langanesbyggðar frá sept. 2025

Bókun um afgreiðslu: Nefndin fagnar góðri og vel unninni atvinnustefnu. Nefndin gerir það að tillögu sinni við úrvinnslu stefnunnar að áhersluatriðum verði raðað upp eftir mikilvægi. Nefndin bendir enn fremur á að húsnæði á efri hæð Kistunnar hentar ekki fyrir bókasafn og hvetur sveitarstjórn til að finna aðra lausn á því máli. Nefndin vill einnig koma því á framfæri að lögð verði áhersla á fjölbreytta atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu almennt, sérstaklega í dreifbýli.

Samþykkt samhljóða

Velferðar- og fræðslunefnd

Atvinnustefna Langanesbyggðar 2025-2030 ásamt aðgerðaráætlun.

Sveitarstjórn hefur óskað eftir álit, athugasemdum og umsögnum frá öllum nefndum um atvinnustefnuna.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin tekur undir þau markmið sem sett eru fram í atvinnustefnunni og hefur engar athugasemdir.

Samþykkt samhljóða..